

Forsætisnefnd

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um greiðslur fyrir setu í nefndum, ráðum, og stýri- og starfshópum.

Á fundi forsætisnefndar 14. september sl. var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Óska eftir lista yfir nefndir, ráð, stýri-/starfshópa: Hvaða fundir eru launaðir og hverjir sem sitja fundina, fá laun og hverjir ekki. Markmiðið með þessari beiðni er auka gagnsæi og einnig að gera þetta skýrt fyrir ekki hvað síst borgarbúa. Þessar upplýsingar þurfa að vera á einum stað og fara á vef borgarinnar svo hægt sé að vísa til.

Á fundi borgarráðs þann 11. október sl. var lagt fram svar borgarstjóra við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins og áheyrnarfulltrúa Sósíalistaflokks Íslands, Miðflokksins og Flokks fólksins um starfshópa. Með því svari fylgdi nýjasta útgáfa starfsstýrihópaskrár sem miðuð er við 19. júní 2018 og er hún einnig lögð fram hér með.

Í samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg kemur fram að borgarfulltrúar þiggja föst laun fyrir störf sín hjá Reykjavíkurborg sem eru grunnlaun borgarfulltrúa og uppfærast í janúar og júlí ár hvert miðað við þróun launavísitölu. Í grunnlaununum felast að fullu greiðslur fyrir setu í nefndum og ráðum borgarinnar, þ.m.t. formennsku í öðrum nefndum en fastanefndum.

Í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar er að finna ákvæði um fastanefndir Reykjavíkurborgar, ráð og stjórnir. Þær eru eftirtaldar:
Samkvæmt 63.gr. samþykktarinnar: Borgarráð, mannréttinda- og lýðræðisráð, menningar-, íþrótt- og tómstundaráð, skipulags- og samgönguráð, skóla- og frístundaráð, umhverfis- og heilbrigðisráð og velferðarráð. Í þeim, að borgarráði undanskildu, sitja einungis borgarfulltrúar og fyrstu varamenn hvers framboðslista. Varamenn skal velja úr hópi aðal- eða varamanna í borgarstjórn. Eiga við ákvæði samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna

fulltrúa hjá Reykjavíkurborg.

Samkvæmt 64. gr. samþykktarinnar: stjórn Faxaflóahafna, stjórn Orkuveitu Reykjavíkur, almannavarnanefnd, barnaverndarnefnd, endurskoðunarnefnd, ferlinefnd fatlaðs fólks, fjölmenningsráð, hverfisráð, innkauparáð, ofbeldisvarnarnefnd, stjórn Brúar lífeyrissjóðs og öldungaráð.

Aðalmenn í ferlinefnd, fjölmenningsráði, innkauparáði, ofbeldisvarnarnefnd og öldungaráði koma úr hópi aðal- og varamanna í borgarstjórn og eiga þá við ákvæði samþykktar um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg. Aðrar þóknanir eru ákveðnar á vettvangi þeirra stjórna.

Að auki kýs borgarstjórn fulltrúa í yfirkjörstjórnir, hverfiskjörstjórnir og undirkjörstjórnir, auk varamanna, eftir ákvæðum viðkomandi kosningalaga og ákveður þóknanir þeirra aðila fyrir hverjar kosningar.

Helga Björk Laxdal
skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt:

Svar við fyrirspurn um starfshópa, dags. 9. október 2018

Starfshópaskrá m.v. 19. júní.